

Bæjarstjórn - 22

FUNDARBOÐ

22. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarstjórnarsal, fimmtudaginn 29. febrúar 2024 og hefst
kl. 17:00

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda

- 1. 2402003F - Bæjarráð - 19**
Lögð fram fundargerð 19. fundar bæjarráðs.
- 2. 2402001F - Dreifbýlisráð - 2**
Lögð fram fundargerð frá öðrum fundi dreifbýlisráðs.
- 3. 2401002F - Skóla- og fræðslunefnd - 11**
Lögð fram fundargerð 11. fundar skóla- og fræðslunefndar.
- 4. 2401001F - Ungmennaráð - 4**
Lögð fram fundargerð 4. fundar ungmennaráðs.
- 5. 2401005F - Skipulagsnefnd - 19**
Lögð fram 19. fundargerð skipulagsnefndar.

Erindi til kynningar

- 6. 2402028 - Fundarboð á aðalfund SSV 2024**
Lagt fram fundarboð á aðalfund SSV 2024.
- 7. 2102003 - Fundargerðir - Samband íslenskra sveitarfélaga**
Lögð fram fundargerð 941. fundar stjórnar sambandsins frá 12. janúar 2024.
- 8. 2005070 - Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar**
Lögð fram fundargerð 220. fundar breiðafjarðarnefndar.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

- 9. 2302026 - Framkvæmdaleyfi vegna ljósleiðaralagna**
Lögð fram umsókn Mílu ehf. um framkvæmdaleyfi vegna lagningu ljósleiðara um Aðalgötu, Árnatún, Höfðagötu, Lágholt, Silfurgötu, Skólastíg og Sundabakka.

Bæjarráð samþykkti, á 19. fundi sínum, að veita Mílu framkvæmdaleyfi fyrir lagningu ljósleiðara um Aðalgötu, Árnatún, Höfðagötu, Lágholt, Silfurgötu, Skólastíg og Sundabakka og fól verkefnastjóra framkvæmda- og eigna og bæjarverkstjóra að fylgja á eftir málinu og hafa eftirlit með frágangi og framkvæmdum fyrir hönd sveitarfélagsins.

Bæjarráð vísaði afgreiðslunni til staðfestingar í bæjarstjórn.

10. 2402012 - Lántaka

Lögð fram umsókn sveitarfélagsins um lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Þá er einnig lögð fram tillaga að bókun sem bæjarráð lagði til að bæjarstjórn myndi samþykkja.

11. 2402013 - Þjóðlendumál - eyjar og sker

Lögð fram kröfulýsingu ásamt tilkynningu frá óbyggðanefnda þar sem gert er tilkall til flestra eyja og skerja á Breiðafirði. Á 19. fundi sínum vísaði bæjarráð málinu til bæjarstjórnar.

12. 2302012 - Styrking leikskólastarfs

Á 19. fundi bæjarráðs mætti skólastjóri Leikskólans í Stykkishólmi til fundar vegna undirbúnings skóladagatala 2024-2025. Bæjarráð þakkaði skólastjóra yfirferðina og lýsti ánægju yfir jákvæðum áhrifum sem vinna sveitarfélagsins við styrkingu leikskólans í Stykkishólmi og fyrirliggjandi aðgerðaráætlun sem unnið er eftir hefur haft á starfsemi leikskólans. Bæjarráð samþykkti tvo undirbúningsfundi fyrir skólaárið 2024-2025 sem lið af aðgerðaráætlun sveitarfélagsins, en öðrum aðgerðum er þegar lokið eða í vinnslu. Aðgerð sem snýr að Regnbogalandi þarfnast nánari skoðun og útfærslu hjá skóla- og fræðslunefnd. Bæjarráð vakti sérstaka athygli á því að það stendur til að leggja grunn að húsnæði í skógræktinni í sumar og byggja upp á næsta ári.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

13. 2402018 - Starf skólastjóra - auglýsing

Bæjarstjóri leggur til að staða skólastjóra verði auglýst og sama fyrirkomulag verði viðhaft og síðast varðandi ráðningaferli.

Bæjarráð samþykkti tillöguna á 19. fundi, með þeirri breytingu að Ragnar Már Ragnarsson verði í stað Ragnheiðar Hörpu Sveinsdóttur í hæfninefnd, og vísaði afgreiðslunni til staðfestingar í bæjarstjórn.

14. 2306018 - Saurar 9 deiliskipulag

Lagðar fram vinnslutillögur vegna breytingar á Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2024 í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vinnslutillaga fyrir nýtt deiliskipulag á Saurum 9 (Vigraholti) í samræmi við 4. mgr. 40. gr. laganna.

Á 19. fundi skipulagsnefndar kynntu landeigendur og skipulagsráðgjafar þeirra tillögurnar fyrir nefndinni. Nefndin samþykkti fyrir sitt leyti að kynna vinnslutillögu aðalskipulagsbreytingar í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með þeim uppfærslum sem ræddar voru á fundinum.

Nefndin kallaði einnig eftir frekari upplýsingum um staðhætti þ.e. nákvæmari staðsetningu/hnitsetningu vega, lóðarmarka og byggingarreita í áframhaldandi vinnslu deiliskipulagstillögunnar sem byggir á tiltækum kortagrunnum og vettvangsskoðun þar sem sérstaklega verði hugað að verndun votlendis, mýra og birkikjarrs.

Bæjarráð staðfesti, á 19. fundi sínum, afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkti að vinnslutillaga vegna aðalskipulagsbreytingar verði kynnt í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

15. 2311007 - Víkurhverfi dsk br - 12 íbúðir fyrir Brák

Bæjarstjórn samþykkti á 19. fundi sínum þann 30. nóvember sl að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Víkurhverfis í samræmi við 1. mgr. 43. gr. þó án skipulagslýsingar og kynningar vinnslutillögu sbr. 3. og 4. mgr. 40. gr. laganna. tillagan var auglýst 13. desember 2023 með athugasemdafresti til og með 26. janúar 2024. Kynningarfundir voru haldnir 19. desember og 11. janúar.

Á 19. fundi skipulagsnefndar var lögð fram samantekt af athugasemdum sem bárust á auglýsingatíma vegna tillögunnar ásamt tillögu að svörum nefndarinnar. Skipulagsnefnd samþykkti framlagða tillögu að svörum nefndarinnar með minniháttar breytingum sem lagðar voru til á fundinum. Nefndin lagði til við bæjarstjórn að samþykkja deiliskipulagsbreytinguna og ljúka skipulagsferli í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Bæjarráð samþykkir, á 19. fundi sínum tillögu að svörum og fól skipulagsfulltrúa að ganga frá endanlegum svörum og koma þeim á framfæri við viðeigandi aðila. Bæjarráð staðfesti að öðru leyti afgreiðslu skipulagsnefndar og að ferlinu verði lokið í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Bæjarráð vísaði afgreiðslu sinni til staðfestingar í bæjarstjórn.

16. 2310024 - Þingskálanes, Hamrar, Gæsatangi - deiliskipulag

Á 19. fundi skipulagsnefndar var lögð fram samantekt umsagna og athugasemda sem bárust á auglýsingartíma tillögunnar og tillaga að svörum nefndarinnar.

Deiliskipulagstillagan er í samræmi við gildandi Aðalskipulag Helgafellssveitar 2012-2024 og var því hvorki kynnt skipulagslýsing né vinnslutillaga í samræmi við 3. og 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst 13.12.2023 með athugasemdafresti til og með 26. janúar 2024. Kynningarfundur var haldinn 19. desember sl.

Skipulagsnefnd samþykkti, á 19. fundi sínum, framlagða tillögu að svörum nefndarinnar með minniháttar breytingum sem lagðar voru til á fundinum, m.a. að lágmarka rask á náttúrulegu yfirborði, þ.m.t. birkiskógi og kjarri, votlendi og sjávarfitjum og huga að mótvægisáðgerðum reynist nauðsynlegt að fjarlægja birkiskóg/kjarr. Þá lagði nefndin til við bæjarstjórn að samþykkja að deiliskipulagsbreytinguna og ljúka skipulagsferli í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Bæjarráð staðfesti, á 19. fundi sínum, afgreiðslu skipulagsnefndar og að ferlinu verði lokið í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Bæjarráð vísaði afgreiðslunni til staðfestingar í bæjarstjórn.

17. 2401029 - Bjarnarhöfn - Uppskipting lands

Sigurbjartur Loftsson sækir um, f.h. Brynjar Hildibrandssonar og Hrefnu Garðarsdóttur, landeiganda Bjarnarhafnar (L-136926, skráð 2209,9 ha) uppskiptingu Bjarnarhafnarjarðarinnar, nafnabreytingu og breytingar á skráningum. Auk hnitsettra uppdráttu eru einnig lögð fram undirrituð og þinglýst jarðamörk Bjarnarhafnar og Selja (L-136957).

1. Bjarnarhöfn 4: 720,8 ha skiki. Var áður lögbýlið Bjarnarhöfn.
2. Bjarnarhafnarkirkja: 3712 m² lóð.
3. Bjarnarhöfn 3: 694,2 ha m² skiki (lögbýlið)
4. Geldinganes: 83,6 ha m² skiki.
5. Stóra Hraun: 663,5 ha m² skiki.

Skipulagsnefnd samþykkti, á 19. fundi sínum, fyrir sitt leyti uppskiptingu Bjarnarhafnarjarðarinnar, nafnabreytingar og breytingar á skráningum samkvæmt framlögðum gögnum.

Bæjarráð staðfesti, á 19. fundi sínum, afgreiðslu skipulagsnefndar með fyrirvara um jákvæða afgreiðslu dreifbýlisráðs.

Bæjarráð vísaði afgreiðslunni jafnframt til staðfestingar í bæjarstjórn.

18. 2310023 - Hólar 5a - Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Lögð fram beiðni um heimild sveitarfélags til að vinna breytingu á Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2024 og deiliskipulag fyrir Hóla 5a, sem er 3,2 ha spilda í landi Hóla. Spildan er í dag skráð sem landbúnaðarland og fylgja byggingarheimildir heimildum Hólajarðarinnar skv. skipulagsskilmálum aðalskipulags.

Skipulagsnefnd samþykkti, á 19. fundi sínum, fyrir sitt leyti að heimila landeigendum Hóla 5a að vinna tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2024 í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með vísun í 1. mgr. 30. gr. laganna og nýtt deiliskipulag fyrir Hóla 5a í samræmi við 40-42. gr. laganna.

Fyrirhuguð aðalskipulagsbreyting felst í breytingu á landnotkun Hóla 5a úr landbúnaði í frístundabyggð og fyrirhuguð deiliskipulagsgerð feli í sér heimild fyrir þrjú frístundahús og eitt íbúðarhús á Hólum 5a.

Nefndin gerði jafnframt kröfu um að deiliskipulagið verði í framtíðinni grunnur að allri uppbyggingu á Hólajörðinni í samræmi við byggingarheimildir í gildandi aðalskipulagi fyrir landbúnaðarsvæði, íbúðarbyggð og frístundabyggð. Jafnframt gerði nefndin kröfu um að framtíðarskipulag fyrir jörðina taki mið af heildarsamhengi uppbyggingar þannig að það myndi heildstæða einingu í samræmi við 2. mgr. 37. gr. skipulagslaga.

Bæjarráð staðfesti, á 19. fundi sínum, afgreiðslu skipulagsnefndar.

19. 2310004 - Jónsnes - framkvæmdaleyfi fyrir veg

Lagt fram til afgreiðslu umsókn Jónsness ehf. um framkvæmdaleyfi fyrir aðkomuvegi í Jónsnes (L-136950) samkvæmt fyrirbyggjandi uppdrætti dags. 3.10.2023 sem sýnir

vegstæði frá Vogsbotni á milli Ögursvatns og Hofstaðavatns eftir Hellisási, Arnarási og Skálaholti að Jónsnesi.

Þann 29. september sl. bárust skipulagsfulltrúa ábendingar um að framkvæmdir við veginn væru hafnar án framkvæmdaleyfis og stöðvaði skipulagsfulltrúi framkvæmdirnar samstundis í samræmi við 53. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og lið f) í 2. gr. viðauka 3 um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

Þá er lögð fram niðurstaða Skipulagsstofnunar um að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og því sé framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum ásamt umsögn skipulagsfulltrúa um málið, ásamt öðrum gögnum sem tengjast málinu.

Bæjarráð lagði til, á 19. fundi sínum, við bæjarstjórn að fallast á umsögn/tillögu skipulagsfulltrúa, dags. 21. febrúar 2024, um útgáfu framkvæmdaleyfis, og að skipulagsfulltrúa verði falið að gefa út framkvæmdaleyfi að uppfylltum skilyrðum í samræmi við fyrirliggjandi gögn.

20. 2402021 - Gjaldskrá - Höfðaborg

Lögð fram endurskoðuð gjaldskrá fyrir þjónustu Höfðaborgar.

Bæjarráð samþykkti, á 19. fundi sínum, gjaldskrá með þeirri breytingu að almennt gjald skv. endurskoðaðri gjaldskrá hækki um 500 kr. og lagði til við bæjarstjórn samþykkja gjaldskráanna með áorðnum breytingum.

21. 2402022 - Sjálfbærnistefna Snæfellsness

Lögð fram sjálfbærnistefna Snæfellsness sem jafnframt verður lögð fram til samþykktar hjá öllum sveitarstjórnnum meðlima Byggðasamlags Snæfellinga.

Bæjarráð samþykkti, á 19. fundi sínum, stefnu Snæfellsness í sjálfbærri þróun og lagði til við bæjarstjórn að samþykkja hana.

22. 2402023 - Sala á ljósleiðarakerfi Gagnaveitu Helgafellssveitar

Lagt er fram kauptilboð frá Mílu hf. og drög kaupsamningi vegna áforma um sölu á ljósleiðarakerfi Gagnaveitu Helgafellssveitar til Mílu hf. í kjölfar viðræðna við félagið undanfarna mánuði ásamt öðrum gögnum sem tengjast umræddri sölu. Gert er ráð fyrir að Míla hf. taki yfir réttindi og skyldur gagnaveitunnar frá og með 1. apríl næstkomandi. Lagt er til að salan verði samþykkt með vísan til fyrirliggjandi gagna og að bæjarstjóra verði falið að ganga frá sölunni í samræmi við fyrirliggjandi gögn, þar með talið að fara með hluthafavald sveitarfélagsins á hluthafafundi Gagnaveitu Helgafellssveitar ehf., kt. 650414-1520.

Bæjarráð samþykkti, á 19. fundi sínum, sölu á Gagnaveitu Helgafellssveit í samræmi við fyrirliggjandi gögn og lagði til við bæjarstjórn samþykkja hana og að bæjarstjóra verði falið að ganga frá sölunni í samræmi við fyrirliggjandi gögn, þar með talið að fara með hluthafavald sveitarfélagsins á hluthafafundi Gagnaveitu Helgafellssveitar ehf., kt. 650414-1520.

23. 2310001 - Saurar 9-vegur framkvæmdaleyfi

Vigraholt ehf. sækir um framkvæmdaleyfi fyrir vegi í landi Saura 9, samkvæmt

famlögðum uppdrætti dags 5.10.2023. Þar sem framkvæmdaleyfið tengist yfirstandandi skipulagsvinnu og stofnun lóða á Saurum 9, vísaði skipulagsfulltrúi málinu til afgreiðslu í skipulagsnefnd. Gert er ráð fyrir að vegurinn verði aðkomuleið að fyrirhugaðri frístundabyggð, íbúðarbyggð og verslun og þjónustu. Vegurinn liggur að hluta til eftir um gamla Skógarstrandarveginum (Stykkishólmsvegi). Lögð er fram undirrituð yfirlýsing landeigenda Arnarstaða um heimild til uppbyggingar og veglagningu á þeirra landi, heimild Vegagerðinnar vegna tengingar við Skógarstrandaveg (Stykkishólmsveg) við Vogaskeið og umsögn Minjastofnunar, sem gerir ekki athugasemd við uppbyggingu umrædds vegar. Á 14. fundi sínum fól skipulagsnefnd skipulagsfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir aðkomuvegi sem liggur eftir gamla Skógarstrandarveginum (Stykkishólmsvegi) frá Vogaskeiði að Sauravegi ásamt afleggjara að sjö lóðum samkvæmt framlögðum gögnum og að öllum skilyrðum skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 uppfylltum.

Bæjarráð staðfesti afgreiðslu skipulagsnefndar á 15. fundi sínum.

Málið er lagt fram til samþykktar í bæjarstjórn með áorðnum breytingum í samræmi við minnisblað skipulagsfulltrúa

24. 2402032 - Ósk um lausn frá störfum sem bæjarfulltrúi

Lagt fram erindi frá Ragnheiðar Hörpu Sveinsdóttur, bæjarfulltrúa, þar sem hún óskar eftir lausn frá störfum sem bæjarfulltrúi í bæjarstjórn Stykkishólms.

25. 2205039 - Kjör nefnda í samræmi við samþykktir sameinaðs sveitarfélags Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar

Lagðar fram breytingar Í-listans á mönnun í nefndum og ráðum sveitarfélagsins.

26. 2306043 - Tilnefning í stjórn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi

Lagt til að Ragnar Már Ragnarsson taki stöðu Ragnheiðar Hörpu sem varamaður í stjórn samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi.

27. 2006055 - Kosningar í bæjarráð

Lagt til að Ragnar Már Ragnarsson taki stöðu Ragnheiðar Hörpu Sveinsdóttur í bæjarráði og Haukur Garðarsson taki stöðu Ragnars sem varamaður.

28. 2401018 - Staða byggingarfulltrúa

Á 21. fundi bæjarstjórnar var samþykkt að skipa aðalmenn í bæjarráð í hæfninefnd vegna ráðningar byggingarfulltrúa.

Bæjarráð samþykkti tillöguna á 19. fundi sínum og vísaði henni til staðfestingar í bæjarstjórn.

29. 1808022 - Minnispunktar bæjarstjóra

Lagðir fram minnispunktar bæjarstjóra.

27.02.2024

Jakob Björgvin Jakobsson, bærjarstjóri.